

Bt. Hulda Soffía Jónasdóttir

Sérfræðingur - Svið efna, starfsleyfa og veiðistjórnunar
Umhverfisstofnun

Varðar: Umsóknir ORF Líftækni frá 17 og 18 janúar 2024

Ágæti starfsmaður Umhverfisstofnunar.

Í janúar 2024 bárust Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur gögn frá Umhverfisstofnun varðandi tvær umsóknir ORF Líftækni hf. um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggj í gróðurhúsum. Annars vegar er sótt um leyfi til ræktunar (A) í gróðurhúsi Garðyrkjuskólans að Reykjum í Ölfusi (umsókn dagsett 17 janúar) og hins vegar (B) í gróðurklefum í húsnæði Landbúnaðarháskóla Íslands á Keldnaholti, Árleyni 22 (umsókn dagsett 18 janúar). Áform fyrirtækisins eru að rækta á þessum stöðum erfðabreytt bygg til að skala upp byggyrki sem fyrirtækið hefur þróað. Jafnframt að geyma fræbanka í húsnæði Lbhí á Keldnaholti.

Alls er um að ræða ræktun á 180 fm í gróðurhúsinu að Reykjum og 60 fm í ræktunarklefum á Keldnaholti.

Bæði aðal- og varamenn í ráðgjafanefndinni fengu gögn málsins send í tölvupósti. Ekki var óskað eftir fundi til að fjalla um málið en athugasemdir bárust formanni í tölvupósti:

- (1) Gerð var athugasemd við ófullnægjandi lýsingu á viðbrögðum við skemmdum á ræktunarhúsi á **Reykjum**. Athugasemdir voru sendar starfsmanni UST sem óskaði eftir frekari lýsingu á viðbrögðum við tjóni. Þau svör hafa borist frá umsækjanda og eru að mati nefndarinnar fullnægjandi.
- (2) Gerð var athugasemd við ófullnægjandi lýsingu á viðbrögðum við skemmdum á ræktunarhúsi á **Keldnaholti**. Athugasemdir voru sendar starfsmanni UST sem óskaði eftir frekari lýsingu á viðbrögðum við tjóni. Þau svör hafa borist frá umsækjanda og eru að mati nefndarinnar fullnægjandi.

Nefndarmenn gera ekki aðrar athugasemdir við umsóknina og telja í ljósi reynslu af ræktun á báðum þessum stöðum að forsendur séu til að tryggja afmörkun erfðabreyttar lífvera.

Fyrir hönd Ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur,



Jón Hallsteinn Hallsson
Erfðafræðingur, Ph.D.
Prófessor – Landbúnaðarháskóli Íslands
Aðjúnkt – Háskóli Íslands
Árleyni 22, 112 Reykjavík
GSM/Mobile: 843-5320

